

## Fundargerð.

### Aðalfundur Norðurár bs. 2023

Aðalfundur Norðurár bs., haldinn 27. mars 2023 kl. 14:00 í Menningarhúsinu Miðgarði Skagafirði.

Mættir fulltrúar eigenda voru: Sigfús Ingi Sigfússon fyrir sveitarfélagið Skagafjörð, Pétur Arason fyrir Húnabyggð, Erla María Lárusdóttir fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd og Erla Jónsdóttir fyrir Skagabyggð.

Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson. Aðrir fundarmenn voru; Margeir Friðriksson frá sveitarfélaginu Skagafirði, Kristján Jónasson frá KPMB, Gunnar Svavarsson frá Eflu Verkfræðistofu, Hrefna Jóhannesdóttir formaður Umhverfis- og samgöngunefndar Skagafjarðar, Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdarstjóri SSNV og Elvar B. Gíslason verkstjóri Norðurá bs.

#### Dagskrá

- Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara.
- Skýrsla stjórnar.
- Ársreikningur 2022.
- Fjárhagsáætlun 2023-2026.
- Kosning stjórnar og endurskoðenda.
- Ákvörðun um þóknun stjórnar.
- Stækkun urðunarhólfs.
- Nýsköpun og hringrásarhagkerfið.
- Ályktanir og tillögur
- Önnur mál.

#### 1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara

Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Samþykkt samhljóða að Sigfús Ingi Sigfússon yrði fundarstjóri og að Einar E. Einarsson ritaði fundargerð.

#### 2. Skýrsla stjórnar

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar þar sem hann fór meðal annars yfir helstu verkefni frá síðasta aðalfundi.

Í máli Magnúsar kom meðal annars fram að rekstur urðunarstaðarins gengur vel. Á árinu 2022 var tekið á móti 21.823 tonnum til urðunar og er það svipað magn og kom til urðunar á árunum 2016-2018 og á árinu 2021 en árin 2019 og 2020 skera sig úr með umtalsvert meiri urðun. Þróunin í magni frá árinu 2011 til 2022 er línuleg aukning ár frá ári yfir tímabilið. Sé horft á uppruna sorpsins eftir sveitarfélögum óháð íbúafjölda þá er 51% þess sem urðað er að

koma af Eyjafjarðarsvæðinu, 20% frá Skagafirði og 10% úr A-Hún. Önnur sveitarfélög hafa sent minna til urðunar. Sé horft á skiptingu milli fyrirtækja og einstaklinga samkvæmt skráningu við móttöku í Stekkjarvík, eru tæplega 35% af sorpmagninu að koma frá fyrirtækjum en um 31% frá heimilum og sveitarfélögum. Þriðji stærsti flokkurinn er svo sláturúrgangur og dýrahæ, en þau voru tæplega 17% af heildarmagninu sem urðað var á árinu 2022. Magnús gerði einnig gjaldskrá Norðurá bs. að umtalsefni en hún hefur ekki verið hækkuð frá árinu 2020 þrátt fyrir miklar verðlagshækkanir í þjóðfélaginu og er í dag lægri en hjá sambærilegum urðunarstöðum á landinu. Góður og farsæll rekstur staðarins er meginástæða þess að hægt hefur verið að hafa jafn mikinn stöðugleika í gjalddökunni og raun ber vitni. Verkefni fram undan fyrir utan daglegan rekstur eru fyrirhuguð stækkun á urðunarhólfinu. Einnig þarf að meta hvort rétt sé að byggja brennsluofn fyrir sjálfdaud dýr en áður en ákvörðun verður tekinn um það þarf að fara fram samtal við bæði sláturleyfishafa og stjórnvöld um eyðingu dýraleifa almennt.

### 3. Ársreikningur 2022

Kristján Jónasson frá KPMG gerði grein fyrir ársreikningi ársins 2022. Á árinu voru rekstrartekjur félagsins 209 milljónir og hækkuðu um 17,3 millj. kr. milli ára eða um 9%. Hagnaður félagsins nam 51,5 millj. kr. en var 36,2 millj. kr. árið 2021. Eigið fé félagsins í árslok nam 634,1 millj. kr. að meðtöldu stofnfé félagsins að fjárhæð 12,6 millj. kr. en eigið fé var 582,6 millj. kr. á árinu 2021. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Eftir óverulegar umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning 2022 var hvoru tveggja borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### 4. Fjárhagsáætlun 2023-2026

Margeir Friðriksson lagði fram og kynnti rekstraráætlun fyrir árin 2023 til 2026. Áætlunin var áður samþykkt á stjórnarfundi 21. mars sl og vísað til aðalfundar. Fundarstjóri bar fjárhagsáætlunina upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### 5. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Fundarstjóri lagði fram tillögu um að aðalmenn í stjórn yrðu Hrefna Jóhannesdóttir, Sveinn Úlfarsson og Magnús B. Jónsson. Til vara væru í sömu röð, Einar E. Einarsson, Arnar Bjarki Magnússon og Zophonías Ari Lárusson. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Jafnframt bar fundarstjóri upp þá tillögu að Kristján Jónasson endurskoðandi frá KPMG verði endurskoðandi Norðurá bs. árið 2023. Samþykkt samhljóða.

Einnig lögð fram tillaga frá Húnabyggð um að Pétur Arason yrði áheyrnarfulltrúi í stjórn eins og samþykktir félagsins leyfa. Samþykkt samhljóða.

Snorri Finnlaugsson er tilnefndur áfram sem áheyrnarfulltrúi fyrir Flokkun Eyjafjarðar.

## 6. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga frá stjórn:

Lagt er til við aðalfund að framvegis taki stjórnarlausn hjá Norðurá bs., mið af launum fulltrúa í fastanefndum sveitarfélagsins Skagafjarðar eins og þau eru birt á heimasíðu sveitarfélagsins hverju sinni. Launin taka mið af þingfarakaupi og eru í dag eftirfarandi:

Mánaðarlaun, formaður: 3,2% á mánuði	43.059 kr
Mánaðarlaun, nefndarmaður og áheyrnarfulltrúi: 1,8% á mánuði	24.220 kr
Nefndarformaður: 2,5% fyrir hvern fund	33.640 kr
Nefndarmaður og áheyrnarfulltrúi: 1,6% fyrir hvern fund	21.529 kr
Varaformaður: 2,5% fyrir hvern fund sem hann stjórnar	33.640 kr

Fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

## 7. Stækkun urðunarhólfs

Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu gerði grein fyrir tillögu að 250.000 m<sup>3</sup> stækkun á núverandi urðunarhólfi fyrir sorp í Stekkjarvík en þar af yrðu 36.000 m<sup>3</sup> áætlaðir fyrir lífrænan úrgang. Fyrirhuguð stækkun er í samræmi við þá áætlun sem lagt var upp með við stofnun staðarins 2010. Gert er ráð fyrir að núverandi urðunarhólf fyllist á fyrri hluta árs 2024 og þarf því stækkað hólf að vera tilbúið fyrir árslok 2023, en Gunnar lagði einnig fram tillögu að tímalínu útboðsferlis og framkvæmda fyrir næstu mánuði.

Erfitt er að spá fyrir um þróun á sorpmagni næstu ára en fyrir liggja markmið stjórnvalda um að aukinn flokkun á heimilisúrgangi leiði til betri nýtingar á sorpi og að magn til urðunar verði komið í 10% af því magni sem fellur til í dag. Ekki liggja fyrir sambærileg markmið um aukna flokkun á sorpi frá fyrirtækjum.

Að loknum umræðum lagði fundarstjóri fram eftirfarandi tillögu frá stjórn Norðurá bs.

Aðalfundur Norðurá bs. haldinn í Miðgarði 27. mars 2022 samþykkir að fela stjórn félagsins að hefja útboðsferli og framkvæmd við stækkun urðunarhólfs í Stekkjarvík um 250 þús. m<sup>3</sup> samkvæmt þeirri kynningu og upplýsingum sem liggja fyrir fundinum. Fundurinn samþykkir jafnframt heimild til að taka allt að 350 milljón króna lán vegna framkvæmdarinnar hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Miðað verði við að framkvæmdir geti hafist um mitt ár 2023 og verði lokið á árinu þannig að stækkun hólfsins verði komin í not á árinu 2024.

Tillagan borinn undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## 8. Nýsköpunar og hringrásarhagkerfið

Pétur Arason, sveitarstjóri í Húnabyggð flutti erindi um mikilvægi þess að allir legðust á árar um að dregið yrði úr urðun eins og kostur væri. Nefndi hann mikilvægi þess að allir aðilar hugsuðu um þá möguleika sem væru í boði til meiri flokkunar og nýtingar á því sem í dag fer til urðunar. Að loknu erindinu voru almennar og jákvæðar umræður um hringrásarhagkerfið og hvernig stuðla mætti að sem mestri endurvinnslu og nýtingu þess sem í dag kemur til urðunar.

## 9. Ályktanir og tillögur

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Stefáni Gíslasyni hjá Environice um mögulega ráðstöfun dýraleifa og ábyrgð stjórnvalda gagnvart eyðingu þeirra ásamt yfirferð á því hvernig þessum málum er fyrirkomið á hinum Norðurlöndunum. Minnisblaðið er unnið úr skýrslu sem Stefán vann fyrir SSV. Í framhaldi af umræðu um minnisblaðið var lögð fram eftirfarandi ályktun.

Ályktun aðalfundar Norðurár bs um dýraleifar

Aðalfundur Norðurár bs haldinn í Miðgarði 27. mars 2023 lýsir áhyggjum sínum af stöðu mála varðandi förgun dýraleifa og aukaafurðum dýra frá sláturleyfishöfum. Öllum þeim leiðum sem í boði eru fylgir gríðarlegur stofnkostnaður ásamt miklum rekstrarkostnaði og óvissu um afsetningu og virði þeirra afurða sem frá slíkri vinnslu myndu koma. Fundurinn telur með öllu óásættanlegt að Norðurá bs haldi áfram móttöku ómeðhöndlaðra dýraleifa um ókomin ár þvert á lagaheimildir og telur að innan 5 ára verði að koma málinu í þann farveg að urðun þessa úrgangsflokks verði alfarið hætt, nema stjórnvöld ákveði annað. Til þess að svo megi verða þarf að finna lausnir og farveg fyrir umræddan úrgang þar sem sláturleyfishafar taka ábyrgð á förguninni eða úrvinnslunni ásamt ríki og sveitarfélögum. Aðalfundur Norðurá bs. beinir því til matvælaráðuneytis, umhverfisráðuneytis, innviðaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssamtaka sláturleyfishafa að hafin verði vinna við að greina þá möguleika sem eru í boði þannig að allir úrgangshafar beri ábyrgð á þeirri eða þeim leiðum sem valdar verða til eyðingar eða endurvinnslu á dýraleifum og sláturúrgangi frá afurðastöðvum. Fundurinn vísar í minnisblað sem Environice vann fyrir Norðurá bs. og skýrslu sem unnin var fyrir SSV um málið og þær ábendingar sem þar koma fram um meðal annars skort á lagaheimildum til urðunar og þær lausnir sem nágrannaþjóðir hafa komið sér upp í málaflokknum.

Fundarstjóri bar ályktunina undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Erla Jónsdóttir, oddviti Skagabyggðar lagði fram eftirfarandi tillögu fyrir hönd sveitarstjórnar Skagabyggðar:

Aðalfundur Norðurá bs haldinn í Miðgarði 27. mars 2023 samþykkir að fela stjórn að skoða hvort hagkvæmt geti verið að nýta orku, hvort heldur sem er með söfnun á metangasi eða brennslu frá urðunarstaðnum Stekkjarvík til kornþurrkunar. Með það í huga að reist verði kornverksmiðja við Stekkjarvík þar sem bændur af svæðinu geti fengið kornið sitt þurrkað og sekkjað tilbúið til sölu eða eigin nota.

Greinargerð: Í Húnavatnssýslum og Skagafirði er umtalsvert undirlendi sem hugsanlega væri hægt að nýta til kornræktar. Með kornrækt gætu bændur stutt við hvern annan þar sem m.a. kúabændur gætu keypt korn af öðrum sem hefðu nægt land til kornræktar og þar með stutt við innlenda framleiðslu og aukið fæðuöryggi í landinu. Með aukinni kornrækt gæti skapast talsverð afleidd störf við m.a. annars jarðvinnslu, þjónustu við vélbúnað og ýmsa þjónustu því tengdu.

Eftir umræður um tillöguna bar fundarstjóri hana upp og var hún samþykkt samhljóða.

#### 10. Önnur mál

- Erla Jónsdóttir ræddi um möguleikana á að Norðurá bs. stofnaði nýsköpunarsjóð sem hefði það að markmiði að bæta nýtingu úrgangs.
- Einar Einarsson þakkaði samstarfsfólki í stjórn, sveitarstjórnarfólki og starfsmönnum Norðurá bs., gott samstarf á liðnum árum, en hann lætur nú af störfum sem stjórnarmaður.

Sigfús Ingi þakkaði fyrir sig og Magnús B. Jónsson sleit fundi og þakkaði starfsmönnum fundarins og fundarmönnum góðan fund.

Fundi slitið kl. 17:00

---

Einar E Einarsson

---

Sigfús Ingi Sigfússon